

atvikum að verulegar líkur séu á að um fjárdrátt og/eða umboðssvik hafi verið að ræða hvað varðar þátt Árna Björgvinssonar í málinu.

Af þessu má ljóst vera að verlegar líkur eru á því að bréfanna hafi verið aflað á refsiverðan hátt og má einnig ætla að þau verði gerð upptæk.

Þá munu frumrit bréfanna og hafa sönnunargildi í málinu.

Rannsókn vegna RLR málsins nr. 106/1984 er enn ólokið.

Vegna hinna miklu réttarhagsmuna sem þykja liggja fyrir í máli þessu og í þágu rannsóknar þess, allt samkvæmt ofanrituðu og með vísan til fyrirbyggjandi gagna málsins, og þar sem skilyrðum 43. gr. laga nr. 74/1974 um hald þykir vera fullnægt og þar sem nauðsynlegt þykir að frumrit veðskuldabréfanna verði lögð fram við rannsóknina, ber að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um hald og því

ú r s k u r ð a s t:

Rannsóknarlögreglu ríkisins skal vera heimilt að leggja hald á framangreind 7 verðtryggð veðskuldabréf merkt ltr. 1127/1983 til 1129/1983 og 1132/1983 til 1135/1983 í þágu rannsóknar málsins.

Föstudaginn 26. september 1986.

Nr. 250/1984. **Bæjarsjóður Akureyrar**
vegna Hitaveitu Akureyrar

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Sindrafells hf

(Brynjólfr Kjartansson hrl.)

Endurgreiðsla. Fyrirvari.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardomararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. desember 1984. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og að stefndi

verði dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði uppkveðnum hinn 27. nóvember 1985 í skiptarétti Akureyrar var bú Sindrafells h/f tekið til gjaldþrotaskipta. Hefur þrotabúið tekið við varnaraðild málsins fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeirri athugasemd, að vaxtadaga er ranglega getið í forsendum dómsins, en þeir eru rétt tilgreindir í dómsorði.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 24.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bæjarsjóður Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar, greiði stefnda, þrotabúi Sindrafells h/f, 24.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 2. október 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ.m. að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, er höfðað með stefnu Þorsteins Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra f.h. Sindrafells hf., nnr. 8126-4554, Draupnisgötu 1, Akureyri, dagsettri 6. apríl 1984 á hendur Helga M. Bergs, bæjarstjóra á Akureyri, f.h. Hitaveitu Akureyrar og er stefnan birt 12. s.m. og málið þingfest sama dag.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi greiði honum kr. 43.600,00 með 19% ársvöxtum frá 15.02. 1984 til þingfestingardags, en vöxtum skv. lögum nr. 56, 1979 frá þ.d. til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ eða málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Málsatvik eru þau í stuttu máli að stefnandi kaupir heitt vatn í húseign sína að Draupnisgötu 1, Akureyri, af stefnda samkvæmt magnhemli. Þann 16.02. 1983 var mælt að tilhlutan stefnda vatnsmagn það er rann um hemil

hússins og reyndist það þá vera 14,8 lítrar á mínútu og var þá hemillinn stilltur á ný þannig að um hann rynni 16,03 lítrar á mínútu eftir stillinguna, en stefnandi keypti af stefnda 16 lítra á mínútu og það vatnsmagn hafði verið keypt allt frá nóvember 1980 er það magn var stillt á hemilinn af stefnda.

Tímabilið 25.08 til 23.09 1983 var lokað fyrir heitt vatn til húss stefnanda af stefnda vegna vanskila stefnanda. Þá keypti stefnandi 10 lítra á mínútu af stefnda af heitu vatni.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hann hafi ekki fengið meira vatn en 14,8 lítra á mínútu afhent frá nóvember 1980 til 16. febrúar 1983, en greitt fyrir 16 mínútulítra á mánuði á þessum tíma eða ofgreitt 33,6 mínútulítra á mánuði svo og beri honum ekki að greiða fyrir þá 10 mínútulítra, er hann aldrei hafi fengið fyrir tímabilið 25.08. til 23.09. 1983 en honum var gert að greiða fyrir og hann greiddi með fyrirvara um endurkröfu. Samtals hafi honum verið gert að greiða fyrir 43,6 mínútulítra á mánuði er hann hafi aldrei fengið og beri stefnda að endurgreiða þá og miðar stefnandi fjárhæð kröfunnar við verð á mínútulítra frá stefnda í febrúar 1984.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þau að stefndi hafi aldrei selt honum meira en 14,8 mínútulítra á mánuði frá nóvember 1980 til 16. febrúar 1983, þar sem ekki hafi meira vatn getað runnið um magnhemilinn frá upphafi og aldrei verið við honum hreyft og ekkert fundist athugavert við hitakerfi stefnanda er mælingin 16. febrúar 1983 var gerð og engin önnur skýring á þessum mun önnur en að magnhemillinn hafi frá upphafi verið rangstilltur af stefnda. Einnig sé stefnda óheimilt að láta hann greiða fyrir vatnsafnot fyrir tímabilið 25.08. til 25.09. 1983 þar sem engin afhending hafi átt sér stað. Telur stefnandi að í viðskiptum hans og stefnda gildi sömu sjónarmið og fram komi í lögum um lausafjárkaup þar sem seljandi eigi ekki rétt á að krefjast greiðslu fyrir vöru sem ekki sé afhent.

Stefndi heldur því fram að ekki sé sannað að stefnandi hafi ekki fengið meira vatnsmagn en 14,8 lítra á mínútu fyrir 16.02. 1983, þó svo að þá hafi það magn mælst, en skýring á því geti t.d. verið sandkorn í blendisgatinu, er ekki hafi sést við mælinguna eða að þrýstingurinn í vatnsæðum í Draupnisdötu hafi verið í lægra lagi er mælingin fór fram. Stefnandi hafi heldur aldrei kvartað um að hann fengi ekki nægjanlegt vatnsmagn og sýni það best hversu óverulegt vatnsmagn um hefði getað munað. Er mælingin hjá stefnanda hafi verið gerð hafi af hálfu stefnda verið farið yfir alla magnhemla í húsum er tengd voru Hitaveitu Akureyrar og hafi u.þ.b. 400 notendur ekki fengið það vatnsmagn er þeir voru látnir greiða fyrir, en 930 hafi fengið of mikið. Í þessu sambandi hafi stjórn Hitaveitu Akureyrar sett í þessum mælingamálum þau mörk, að reyndust notendur fá of lítið vatnsmagn yrði reiknað með 10% fráviki og þeim er reyndust fara yfir það

mark verið endurgreitt. Þar sem mæliniðurstaðan hjá stefnanda hafi verið innan þessara marka hafi aldrei komið til að hann fengi greitt. Að visu séu ekki tiltekin slík skekkjumörk í rgj. hitaveitunnar nr. 394, 1977, en á það megi benda að í 2. mgr. 11. gr. rgj. sé fyrirvari um það að hitaveitan sé ekki skuldbundin að tryggja að þrýstingur í vatnsæðum sé ávallt nægjanlegur.

Hvað varðar endurgreiðslukröfu stefnanda er lokað var fyrir vatnið til hans heldur stefndi því fram að ekki skipti máli hvort vatn sé notað eða ekki ef hemill sé stilltur á ákveðið vatnsmagn og vatnssalan sé um magnhemil. Þó svo að lokað sé fyrir afhendingu vatnsins vegna vanskila leysi það ekki notandann undan greiðsluskyldu meðan lokun varir. Benda megi á að t.d. í mörgum reglugerðum fyrir rafveitur sé beint tekið fram að lokun fyrir veitur leysi ekki undan greiðsluskyldu á notkunartímabilinu, sbr. t.d. c-lið 16. gr. rgj. nr. 458, 1979 fyrir Rafveitu Akureyrar. Allt þetta leiði til sýknu stefnda.

Hér fyrir dóminum skýrði vitnið Böðvar Bjarnason, véltæknifræðingur og tæknifulltrúi Hitaveitu Akureyrar, svo frá að margnefnd mæling stefnda hjá stefnanda 16.02. 1983 hafi sýnt hvað hemillinn hafi í mesta lagi getað gefið í gegn af heitu vatni og að allar aðstæður á kerfi Hitaveitunnar hafi verið eðlilegar er mælt var og ekki hafi verið sjáanlegt að neitt hafi verið hróflað við upphaflegum stillingum.

Engin gögn væru til um hvernig upphaflegt vatnsmagn hafði verið ákveðið, en ekkert athugavert hafi komið fram á kerfinu er athuginin fór fram.

Vatnssala í hús stefnanda hafi hafist 14.10. 1980, þá 16 lítrar á mínútu. Vitnið upplýsti að í stillingaherferð hitaveitunnar hafi skekkja verið á stillingu um helmings hemlagrinda, en allar verið athugaðar.

Vitnið Haukur Adolfsson pípulagningarmeistari sagði það álit sitt, sem hann byggði á eigin reynslu og við athugun á mælingu stefnda, að stefnandi hefði aldrei fengið meira vatn inn á hitakerfið en 14,8 ltr.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefnda því yfir að ekki væri tölulegur ágreiningur um stefnufjárhæðina.

Niðurstaða dómsins:

Um lögskipti aðilja máls þessa eru ákvæði í reglugerð Hitaveitu Akureyrar nr. 394, 1977 og gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393, 1977 ásamt síðari breytingum svo og í orkulögum nr. 58, 1967. Ekki er þar að finna ákvæði er almennt heimila stefnda gjaldtöku fyrir afnot af heitu vatni sem ekki er látið í té.

Dómurinn telur með vísan til þess er að framan er rakið svo og af öðrum gögnum málsins að telja verði sannað að magnhemill stefnanda hafi frá

upphafi verið ranglega stilltur á of lítið vatnsmagn, þannig að 1,2 mínútu-litra hafi vantað uppá það vatnsmagn er hann greiddi fyrir.

Þykir því eðli málsins samkvæmt rétt að taka þennan kröfubátt stefnanda til greina að fullu.

Varðandi kröfu stefnanda um endurgreiðslu jafnvirðis þeirra 10 mínútu-litra er hann greiddi stefnda með fyrirvara, þá er sú krafa stefnanda einnig tekin til greina að fullu þar sem stefnda skortir ótvíræða lagaheimild til slíkrar gjaldtöku.

Samkvæmt þessari niðurstöðu eru því kröfur stefnanda teknar til greina að fullu, þó þannig að stefnda ber að greiða stefnanda 15% ársvexti á stefnukröfuna frá 14.02 1984 til 06.04 s.á. og síðan dómvexti eins og í kröfugerð stefnanda greinir.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 16.564,00.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson aðalfulltrúi ásamt með dómsmönnum Þóri Jóni Ásmundssyni og Sveini Björnssyni véltæknifræðingum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, bæjarstjórnin á Akureyri f.h. Hitaveitu Akureyrar, greiði stefnanda Sindrafelli hf. kr. 43.600,00 ásamt 15% ársvöxtum frá 15.02. 1984 til 12.04, s.á. en með vöxtum skv. lögum nr. 56, 1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 16.564,00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.